

Fundargerð 288. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg
Fundardagur:	Þriðjudagur 7. nóvember 2023
Fundartími:	9:00-10:30
Fundarmenn:	Árni Eiríksson oddviti Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Sigrún Hrefna Arnardóttir Harpa Magnúsdóttir Elín Höskuldsdóttir

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Bent á að fundargerð skipulagsnefndar frá 25.10.2023 er númer 268 en ekki 266 líkt og kemur fram í fundarboðinu. Aðrar athugasemdir ekki gerðar. Sigrún Hrefna Arnardóttir kom inn sem varamaður fyrir Walter Fannar Kristjánsson. Anna Dóra Jónsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir skipulagsnefndar:

Nr. 267, dags. 11.10.2023

a) Hraungerði L166237; Heiðargerði 5B; Stofnun lóðar – 2305030

Lögð er fram beiðni um stofnun landeignar úr landi Hraungerðis L166237. Um er að ræða um 12 ha land, Heiðargerði 5B, sem hefur aðkomu um iðnaðar- og athafnasvæði við Heiðargerði. *Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun landeignarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið. Walter Fannar Kristjánsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.*

Fyrir liggur beiðni um stofnun landeignar úr landi Hraungerðis L166237. Um er að ræða um 12 ha land, Heiðargerði 5B, sem hefur aðkomu um iðnaðar- og athafnasvæði við Heiðargerði. Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við stofnun landeignarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn og samþykkir að stofnuð verði landeign úr landi Hraungerðis L166237, 12 ha land, Heiðargerði 5B. Aðkoma verður um óbyggða lóð í Heiðargerði 3 líkt og kemur fram í bókun sveitarstjórnar frá 6. júní 2023 og skal aðkomuvegur að ofangreindri landeign vera innan þeirrar lóðar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Mjósyndi L 166367: byggingarheimild; sumarbústaður – 2305079

Fyrir liggur umsókn Friðriks Ólafssonar um byggingarheimild fyrir hönd Önnu L. Gunnarsdóttur og Grétar G. Halldórssonar, móttekin 22.05.2023, fyrir 121,5 m² sumarbústað á jörðinni Mjósyndi L166367 í Flóahreppi. *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa*

Fyrir liggur umsókn Friðriks Ólafssonar um byggingarheimild fyrir hönd Önnu L. Gunnarsdóttur og Grétar G. Halldórssonar, móttekin 22.05.2023, fyrir 121,5 m² sumarbústað á jörðinni Mjósyndi L166367 í Flóahreppi. Búið er að uppfæra teikningar frá því málið var lagt fyrir sveitarstjórn þann 05.09.2023 og er nú gerð nánari grein fyrir notkun hússins sem sumarhúss.

Sveitarstjórn samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar samþykkir sveitarstjórn að málinu verði vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Hnaus land 4 L213875; Sólbrekka; Breytt heiti lóðar – 2310012

Lögð er fram umsókn frá Sigurði Erni Sigurðssyni er varðar breytt staðfang lóðarinnar Hnaus land 4 L213875. Í umsókninni felst að landið fái staðfangið Sólbrekka.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við breytingu á staðfangi landsins og mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið verði samþykkt.

Fyrir liggur umsókn frá Sigurði Erni Sigurðssyni er varðar breytt staðfang lóðarinnar Hnaus land 4 L213875. Í umsókninni felst að landið fái staðfangið Sólbrekka

Sveitarstjórn samþykkir breytingu á staðfangi lóðarinnar Hnaus land 4 L213875 og að það fái staðfangið Sólbrekka.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Eystri-Lofsstaðir 10 L227155 og 12 L227157; Sameining lóða og byggingaskilmála; Deiliskipulag – 2308006

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til lóða Eystri-Lofsstaða 10 og 12. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda fyrir íbúðarhús, gestahús, skemmu og hesthús. Jafnframt gerir skipulagið ráð fyrir að heimilt verði að sameina lóðirnar í eina lóð. Sveitarstjórn frestaði afgreiðslu málsins á fundi sínum þann 5.9.23. Lögð eru fram uppfærð gögn við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Fyrir liggur tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til lóða Eystri-Lofsstaða 10 og 12. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda fyrir íbúðarhús, gestahús, skemmu og hesthús. Jafnframt gerir skipulagið ráð fyrir að heimilt verði að sameina lóðirnar í eina lóð. Sveitarstjórn frestaði afgreiðslu málsins á fundi sínum þann 5.9.23. Lögð eru fram uppfærð gögn við afgreiðslu málsins þar sem umfang verslunar- og þjónustutengdra bygginga hefur verið minnkað.

Sveitarstjórn samþykkir framlagt deiliskipulag og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Nr. 268, dags. 25.10.2023

a) Hraungerði L166237; Þinghús; Skilgreining lóðar og byggingarheimilda; deiliskipulag - 2308032

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til landskika úr landi Hraungerðis L166237. Deiliskipulag þetta tekur til nýrrar lóðar sem stofnuð verður úr jörðinni. Nýja lóðin kemur til með að bera heitið Þinghús, eftir gamalli þinghúsatóft sem er innan skipulagssvæðisins. Á svæðinu verður heimild til að byggja íbúðarhús, gestahús, bílskúr og/eða skemmu eða önnur útihús. Núverandi metangasstöð sem staðsett er í Hraungerði verður flutt vestur yfir Oddgeirshólaveg og verður starfrækt innan nýrrar lóðar Þinghúsa. Málinu var frestað á fundi sveitarstjórnar þann 3.10.23 þar sem athugasemdir voru gerðar við útfærslu skipulagsins.

Brugðist hefur verið við athugasemdum á uppdrætti og innan greinargerðar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Mælist nefndin til þess að málið verði sérstaklega kynnt eigendum aðliggjandi landeigna.

Walter Fannar Kristjánsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Fyrir liggur tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til landskika úr landi Hraungerðis L166237. Deiliskipulag þetta tekur til nýrrar lóðar sem stofnuð verður úr jörðinni. Nýja lóðin kemur til með að bera heitið Þinghús, eftir gamalli þinghúsatóft sem er innan skipulagssvæðisins. Á svæðinu verður heimild til að byggja íbúðarhús, gestahús, bílskúr og/eða skemmu eða önnur útihús. Núverandi metangasstöð sem staðsett er í Hraungerði verður flutt vestur yfir

Oddgeirshólaveg og verður starfrækt innan nýrrar lóðar Þinghúsa. Málinu var frestað á fundi sveitarstjórnar þann 3.10.23 þar sem athugasemdir voru gerðar við útfærslu skipulagsins. Brugðist hefur verið við athugasemdum á uppdrætti og innan greinargerðar. Sveitarstjórn samþykkir framlagt deiliskipulag og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Sveitarstjórn fer fram á að málið verði sérstaklega kynnt eigendum aðliggjandi landeigna.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Þingdalur land L230007; Þinghús; Breytt heiti lóðar – 2310062

Lögð er fram umsókn Auðar Atladóttur um breytt staðfang. Óskað er eftir því að lóðin Þingdalur land L203007 fái staðfangið Þinghús. Í umsókninni kemur fram rökstuðningur fyrir nýja staðfanginu.

Skipulagsnefnd UTU gerir athugasemd við umsókn um breytt staðfang lóðarinnar þar sem staðfangið Þinghús er nú þegar í notkun innan deiliskipulags fyrir lóð úr landi Hraungerðis. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að beiðni um breytingu á staðfangi verði hafnað.

Fyrir liggur umsókn Auðar Atladóttur um breytt staðfang. Óskað er eftir því að lóðin Þingdalur land L203007 fái staðfangið Þinghús. Í umsókninni kemur fram rökstuðningur fyrir nýja staðfanginu.

Sveitarstjórn hafnar umsókn um breytt staðfang á lóðinni Þingdalur land L203007 þar sem staðfangið Þinghús er nú þegar í notkun innan sveitarfélagsins en lögð er áhersla á að sama staðfang sé ekki þegar til á sama póstnúmerasvæði enda skal staðfang skilgreina landeignina frá öðrum landeignum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 192, dags. 04.10.2023, nr. 193, dags. 18.10.2023 og nr. 194, dags. 01.11.2023

Lagðar fram til kynningar.

3. Viðhaldsúttekt og endurútgáfa vottorðs vegna jafnlaunakerfis ÍST 85:2012

Flóahreppur fór í gegnum viðhaldsúttekt og endurútgáfu vottorðs vegna jafnlaunakerfisins ÍST 85:2012 þann 19. október síðastliðinn. Innri úttekt fór fram 13. október 2023. Engin frábrigði komu í ljós í viðhaldsúttektinni og sýnt var fram á að ferlar og stýringar í jafnlaunakerfinu hjá Flóahreppi styðja við þau markmið og stefnu sem sveitarfélagið setur í jafnlaunamálum. Niðurstöður launagreiningar eru að kynbundinn launamunur í Flóahreppi er 3% konum í hag og fylgnistuðull er 98% sem er betri útkoma en árið á undan. Niðurstöður launagreiningar hafa verið kynntar fyrir starfsmönnum og lokafundur haldinn hjá skilgreindum stjórnendum skv. verklagsreglum í jafnlaunakerfinu.

Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju sinni yfir niðurstöðum viðhaldsúttektar og fagnar endurútgáfu vottorðs vegna jafnlaunakerfisins ÍST 85:2012.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Fulltrúar í fræðslunefnd Flóahrepps

Fyrir liggur að skipa þarf tvo nýja varamenn í fræðslunefnd.

Sveitarstjórn samþykkir að Sveinn Orri Einarsson komi inn sem varamaður fyrir Framfaralistann og að Halla Kjartansdóttir komi inn sem varamaður fyrir T-lista.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Uppfærðar viðmiðunarreglur vegna snjómoksturs í Flóahreppi

Fyrir liggja uppfærðar viðmiðunarreglur vegna snjómoksturs í Flóahreppi. Helstu breytingar eru þær að viðmið um þjónustutíma er skilgreindur nánar og tekið er fram að mokstur fer ekki fram á jóladag, nýársdag og páskadag.

Sveitarstjórn samþykkir einnig að gera breytingu á 3. málsgrein í framlögðum viðmiðunarreglum og að þar standi eftirfarandi: Að mokstri og hálkuvörnum loknum skulu vegir vera vel ökufærir fyrir vetrarbúnaar bifreiðar og leitast skal við að áferð yfirborðsins verði þannig að vegfarendum stafi ekki hættu af.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Erindi frá Þórunni Sigurðardóttur varðandi flóðahættu

Fyrir liggur erindi frá Þórunni Sigurðardóttur er varðar flóðahættu við Kjartansstaði. Eigendur hafa verið í samskiptum við Vegagerðina og sveitarfélagið vegna hættu á flóði yfir ræktað land og að íbúðarhúsi í leysingum sem getur valdið skemmdum. Ástæðuna telja eigendur að rekja megi til þess að skurðurinn við Þjóðveg 1 sé of grunnur og að ræsi sem leiðir vatn undir Þjóðveginn sé of ofarlega og hafa eigendur farið fram á að Vegagerðin geri lagfæringar til að forðast mögulegt tjón.

Sveitarstjórn þakkar innsent erindi og tekur undir það og hvetur Vegagerðina til að gera nauðsynlegar úrbætur innan veghelgunarsvæðis í umsjá Vegagerðarinnar þannig að vatn eigi greiðari leið meðfram Þjóðvegi 1 og minnki þannig líkurnar á mögulegu tjóni hjá íbúum. Óskað er eftir skriflegum svörum frá Vegagerðinni vegna málsins þar sem fram kemur staða málsins og rökstuðningur ef ekki er talin ástæða fyrir því að gera lagfæringar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Erindi frá byggðaðróunarfulltrúa – Tilnefning í verkefnastjórn

Fyrir liggur erindi frá Ingunni Jónsdóttur byggðaðróunarfulltrúa SASS þar sem óskað er eftir því að sveitarfélagið tilnefni tvo fulltrúa sem þátttakendur í verkefnastjórn vegna vinnu við sameiginlega atvinnustefnu fyrir þau sveitarfélög sem heyra undir fulltrúann.

Sveitarstjórn þakkar innsent erindi og er samþykk því að hafin verði vinna við gerð sameiginlegrar atvinnustefnu fyrir þau sveitarfélög sem undir byggðaðróunarfulltrúann heyra og tekur undir að slík vinna muni nýtast sveitarfélaginu við endurskoðun aðalskipulags. Sveitarstjórn samþykkir að fresta skipan í verkefnastjórn til næsta fundar sveitarstjórnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Erindi frá Guðna Ágústssyni vegna – Ósk um niðurfellingu á húsaleigu í Þingborg

Fyrir liggur erindi frá Guðna Ágústssyni fyrir hönd stjórnar Flóamannabókar þar sem óskað er eftir niðurfellingu á húsaleigu vegna árlegs Kótelettukvölds sem er fjáröflun til styrktar útgáfu Flóamannabókar og félagsleg stuðningshátíð.

Sveitarstjórn þakkar innsent erindi og samþykkir að fella niður húsaleigu á félagsheimilinu Þingborg vegna þessarar fjáröflunar og styrkja á þann hátt verkefnið. Sveitarstjórn beinir því til stjórnar Flóamannabókar að senda inn óskir um styrki tímanlega svo að hægt sé að afgreiða erindi áður en viðburður skal haldinn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Erindi frá kvenfélögunum í Flóahreppi – Ósk um niðurfellingu á húsaleigu í Þingborg

Fyrir liggur erindi frá kvenfélögunum þremur í Flóahreppi þar sem óskað er eftir niðurfellingu á húsaleigu í Þingborg vegna basars sem kvenfélögin halda til styrktar góðgerðarmálum.

Sveitarstjórn þakkar innsent erindi og samþykkir að fella niður húsaleigu á félagsheimilinu Þingborg vegna basars til styrktar góðgerðarmálum og styrkja á þann hátt verkefnið.

Sveitarstjórn beinir því til stjórn kvenfélaganna að senda inn óskir um styrki tímanlega svo að hægt sé að afgreiða erindi áður en viðburður skal haldinn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Erindi frá Reiðveganefnd Sleipnis – Beiðni um fjármögnun reiðvega í Flóahreppi

Fyrir liggur erindi frá Reiðveganefnd Sleipnis vegna fjármögnunar á reiðvegum í Flóahreppi árið 2024. Óskað er eftir fjárframlagi frá Flóahreppi að upphæð 2,5 milljónum til að mæta þörf á framkvæmdum vegna reiðvega í Flóahreppi.

Sveitarstjórn þakkar innsent erindi og um leið þá góðu vinnu sem Reiðveganefnd Sleipnis hefur unnið við lagningu og viðhald reiðvega undanfarin ár í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn samþykkir að fjárframlag frá sveitarfélaginu á árinu 2024 verði 1 milljón líkt og fyrri ár.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Styrkbeiðni frá Sigurhæðum

Fyrir liggur styrkbeiðni ásamt kostnaðaráætlun fyrir árið 2024 frá Sigurhæðum, þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi.

Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk til Sigurhæða fyrir árið 2024 að upphæð 241.500 kr (5% hækkun frá fyrra ári). Gert verður ráð fyrir styrknum í fjárhagsáætlun ársins 2024.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Styrkbeiðni frá Aflinu

Fyrir liggur erindi frá Aflinu, samtökum fyrir þolendur ofbeldis, um styrk að fjárhæð 100.000 kr. Aðalstarfsstöð Aflsins er á Akureyri, auk starfsstöðva á Húsavík og á Egilsstöðum. Sveitarstjórn hafnar styrkbeiðni á grundvelli þess að sveitarfélagið hefur undanfarin ár styrkt samtök sem starfrækja sambærilega þjónustu í nærumhverfi á Suðurlandi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

13. Styrkbeiðni frá Sjóðnum góða

Fyrir liggur beiðni um stuðning frá Sjóðnum góða fyrir árið 2023. Sjóðurinn góði er samstarfsverkefni Lionsklúbba, kvenfélaga, félagsþjónustunnar í Árnessýslu, deilda Rauða krossins í Árnessýslu og Hjálparstarfs Kirkjunnar. Hlutverk sjóðsins er að styrkja einstaklinga og fjölskyldur sem standa höllum fæti og eiga ekki fyrir nauðpurftum fyrir jólin. Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að upphæð 100.000 kr fyrir árið 2023.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

14. Styrkbeiðni frá Klúbbnum Stróki

Fyrir liggur beiðni um styrk frá klúbbnum Stróki á Selfossi sem er endurhæfingar- og virknimiðstöð fyrir íbúa á Suðurlandi sem þurfa á stuðningi að halda í framhaldi af andlegum veikindum og/eða glíma við félagslega einangrun.

Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að upphæð 100.000 kr. fyrir árið 2023.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

15. Styrkbeiðni frá Björgunarfélagi Árborgar

Fyrir liggur erindi frá Björgunarfélagi Árborgar vega sölu á stóra neyðarkallinum.

Lágmarkstilboð í stóra neyðarkallinn er 70.000 kr en frjálst er að styrkja félagið með hærri upphæð.

Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að upphæð 100.000 kr. fyrir árið 2023.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

16. Erindi frá Skógræktarfélagi Íslands – Skógarreitir og græn svæði innan byggðar

Fyrir liggur erindi frá Skógræktarfélagi Íslands varðandi ályktun sem var samþykkt á aðalfundi félagsins í september um skógarreiti og græn svæði innan byggðar.

Sveitarstjórn þakkar innsent erindi og tekur undir mikilvægi varðveislu skógarreita, trjálunda og grænna svæða innan byggðar og í næsta nágrenni.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

17. Erindi frá Hestamannafélaginu Sleipni – Óskað eftir upplýsingum um fyrirhugað skipulag við Gaulverjabæjarveg

Fyrir liggur erindi frá Hestamannafélaginu Sleipni þar sem óskað er eftir upplýsingum um fyrirhugað skipulag við Gaulverjabæjarveg gegnt hesthúsahverfinu á Selfossi. Í erindinu kemur fram að félagið hefur áhuga á að stækka hesthúsahverfið til austurs yfir veginn.

Sveitarstjórn þakkar innsent erindi. Umrætt svæði er ekki í eigu sveitarfélagsins Flóahrepps.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Flóahrepps er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir umrætt svæði og ekki hefur verið óskað eftir breytingu á aðalskipulagi vegna landnotkunar. Sveitarstjórn bendir Hestamannafélaginu Sleipni á að hafa samband við landeigendur umrædds svæðis vegna frekari hugmynda um breytingu á skipulagi eða hugsanlegri framtíðarnotkun svæðisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

18. Fundargerðir:

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 287, dags. 03.10.2023

b) Fræðslunefndar nr. 145, dags. 17.10.2023

Varðandi lið 6 í fundargerð þá samþykkir sveitarstjórn reglur um skólamáltíðir í Flóaskóla.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 14 í fundargerð þá sér sveitarstjórn sér ekki fært að verða við beiðni um niðurfellingu leikskólagjalda á milli jóla og nýárs.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 16, dags. 19.10.2023

Varðandi lið 2 þá samþykkir sveitarstjórn að kannað verði hvort landeigendur hafi áhuga á að lagfæra girðingu í kringum gömlu Ruddakrókslindina fyrir sveitarfélagið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 4 þá samþykkir sveitarstjórn að skoða gjaldtöku á stórnotendur á vatni skv. mæli og að undirbúningur að breytingum á reglum vatnsveitu og gjaldskrá m.t.t. notkunar mæla fari fram á árinu 2024. Stefnt verði að því að breytingar taki gildi í upphafi árs 2025. Sveitarstjórn hyggst skoða breytingu á álagningarstofni vatnsgjalds í C flokki og útihúsum í gjaldskrá fyrir árið 2024 í tengslum við fjárhagsáætlun ársins 2024.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- d) Íþróttá- æskulýðs- og menningarnefndar nr. 7, dags. 23.10.2023

Varðandi lið 4 í fundargerð þá samþykkir sveitarstjórn að taka bókun nefndarinnar til skoðunar í fjárhagsáætlunargerð ársins 2024.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- e) Vinnufundar með starfsmönnum Flóaskóla

Anne Bruun Hansen frá Eflu sótti vinnufund með starfsmönnum Flóaskóla vegna hugmynda um uppbyggingu við skólann þann 10. október 2023 og er það liður í að móta tillögu frá vinnuhóp vegna uppbyggingar við Flóaskóla.

Sveitarstjórn þakkar fyrir þá punkta sem komu fram á fundi með starfsmönnum skólans og verða þeir teknir áfram til umræðu í vinnuhóp um uppbyggingu við Flóaskóla sem skilar væntanlega af sér tillögu á næstu dögum. Sveitarstjórn tekur undir að mikilvægt sé að fara strax í að skoða aðkomu skólabíla og annarrar umferðar að skólanum til að auka umferðaröryggi á planinu fyrir framan Flóaskóla og telur ekki þörf á að bíða með þær breytingar sem varða aðkomu skólabíla og einkabíla þar til niðurstöður um framtíðaruppbyggingu við Flóaskóla liggur formlega fyrir. Sveitarstjórn felur skólustjóra að útfæra hugmyndir að aðkomu skólabíla og einkabíla þannig að hægt sé að bregðast við ákalli um aukið umferðaröryggi sem fyrst.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- f) Stjórnar Bergisans bs. nr. 62, dags. 28.08.2023 og nr. 63, dags. 18.09.2023

- g) Stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 11, dags. 12.09.2023, nr. 12, dags. 28.09.2023 og nr. 13, dags. 03.10.2023

- h) Stjórnar Fræðslunets Suðurlands nr. 156, dags. 13.09.2023 og nr. 157, dags. 10.10.2023

- i) Stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 208, dags. 25.09.2023 og nr. 209, dags. 28.09.2023
Varðandi lið 1 í fundargerð nr. 208 þá óskar sveitarstjórn eftir því að skólustjóri Flóaskóla og skólustjóri Tónlistaskóla Árnesinga bóki fund saman og skoði möguleikann á því að gera betur varðandi framboð og möguleika tónlistarkennslu frá Tónlistarskóla Árnesinga í Flóaskóla en í dag fer engin kennsla fram í Flóaskóla á vegum tónlistarskólans.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- j) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 320, dags. 02.10.2023 og nr. 321, dags. 25.10.2023

- k) Framkvæmdaráðs Almanna- og velferðarþjónustu Árnessýslu nr. 3, dags. 28.09.2023

- l) Heilbrigðisnefndar Suðurland nr. 231, dags. 05.10.2023

- m) Stjórnar SASS nr. 601, dags. 06.10.2023 og nr. 602, dags. 25.10.2023

- n) Svæðisskipulags Suðurrhálendis nr. 26, dags. 23.10.2023

- o) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 934, dags. 29.09.2023, 935 dags. 16.10.2023 og nr. 936, dags. 27.10.2023

- p) Héraðsnefndar Árnesinga bs. nr. 31, dags. 10.10.2023

- q) Stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesinga bs. dags. 24.08.2023 og dags. 17.10.2023

- r) Fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings nr. 1, dags. 31.10.2023

Fundargerð fagnefndar staðfest.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

19. Efni til kynningar

- a) RARIK Svar við bókun sveitarstjórnar Flóahrepps um rafmagnsöryggi

- b) Minnisblað Flóahrepps fyrir þingmannafund á kjördæmaviku

- c) Umsögn Flóahrepps í máli nr. 167/2023: Drög að hvítbók um skipulagsmál og umhverfismatsskýrsla

- d) Frá Innviðaráðuneyti: Minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa

- e) Frá Innviðaráðuneyti: Framlög til úrbóta á aðgengismálum fatlaðs fólks 2023-2024

- f) Ársreikningur Bergisans bs. 2022

- g) Ársskýrsla Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. 2022

- h) Frá Vegagerðinni: Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu hluta Þingborgarveggar (3118-01) af vegaskrá
- i) Frá Vegagerðinni: Tilkynning um niðurfellingu Lynghæðarveggar (3180-01) af vegaskrá
- j) Frá Vegagerðinni: Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu hluta Skálarimavegar (3030-01) af vegaskrá
- k) Frá Umboðsmanni barna: Barnaþing 16.-17. nóvember 2023
- l) Frá Arnthorsson: Boð um aðkeypta sérfræðiaðstoð
- m) Samgönguáætlun SASS 2023-2033
- n) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis til umsagnar: Frumvarp til laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, 238. mál
- o) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis til umsagnar: Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt 5 ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, 315. mál
- p) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis til umsagnar: Frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 314. mál
- q) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis til umsagnar: um grunnskóla (kristinfræðikennsla), 47. mál
- r) Frá Innviðaráðuneyti: Reglugerð um íbúakosningar og leiðbeiningar um framkvæmd
- s) Næsti fundur sveitarstjórnar
Sveitarstjórn samþykkir að fella niður hefðbundinn fund 5. desember en að næsti fundur sveitarstjórnar verði þess í stað þriðjudaginn 28. nóvember kl. 9:00 í Þingborg.
Sveitarstjórn samþykkir einnig að haldinn verði aukafundur þriðjudaginn 12. desember kl.11:00.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Árni Eiríksson (sign)

Sigrún Hrefna Arnardóttir (sign)

Elín Höskuldsdóttir (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)